

# Fagráð í hrossarækt

## 68. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, þriðjudaginn 16. september . mars klukkan 10:00

Mættir: Sveinn Steinarsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Vignir Siggeirsson og Þorvaldur Kristjánsson Guðný Helga Björnsdóttir og Súsanna Sand Ólafsdóttir í forföllum Elvars Einarssonar .

Baldvin Ari Guðlaugsson tilkynnti forföll.

### *Dagskrá:*

#### Dagskrá

10:00-12:00

Fundarsetning

1. Yfirferð og umræða um áverka og búnað

13:00-15:00

2. Samantekt um kynbótasýningar sumarsins

3. Gæðastýring í hrossarækt

4. Hrossaræktarráðstefna 2014

5. Önnur mál

6. Yfirferð og samþykkt fundargerða síðasta fundar og símafundar frá 16. Júní

2014

Sveinn Steinarsson formaður fagráðs setur fundinn.

#### 1. **Yfirferð og umræða um áverka og búnað**

Á fundinn eru mættar þær Sigurborg Daðadóttir og Sigríður Björnsdóttir frá MAST og Pétur Halldórsson frá RML. Sigríður fer yfir niðurstöður frá heilbrigðisskoðun keppnis- og kynbótahrossa frá Landsmóti í sumar en þar voru kynbótahross skoðuð í fyrsta sinni þrisvar líkt og tíðkast hefur með skoðanir á keppnishrossum. Helstu niðurstöður eru að jákvæð þróun sést nú ef horft er á tíðni áverka og mun hærra hlutfall hrossa er nú áverkalaus í samanburði við árið 2012. Sérstaklega hefur dregið úr áverkum í munnvikum sem líklega má þakka meiri árvekni og almenntri vitundarvakningu meðal knapa í þessum málum. Niðurstöður heilbrigðisskoðunar á síðastliðnu landsmóti sýna jafnframt að alvarlegir áverkar á kjálkabeini hafa nær alveg horfið hjá keppnishestum en alls fundust alvarlegir áverkar á kjálkabeini hjá 38 kynbótahrossum. Í 9 tilfellum af þessum 38 voru áverkarnir þess eðlis að hrossunum var vísað frá frekari sýningum. Gögnin voru keyrð saman við skráningu á beislabúnaði sem framkvæmdur var á kynbótasýningu landsmóts og sýndi sá samanburður að flestum kynbótahrossanna sem greindust með alvarlega áverka á

kjálkabeini hafði verið riðið við tvíbrottin stangamél með tunguboga í forsýninu Talsverðar umræður skapast um niðurstöðurnar. Fagráðsmenn eru sammála um að reiðmennska sé stöðugt að taka framförum og gróf reiðmennska og grófar sýningar stingi nú orðið verulega í stúf. Einnig telja menn að nokkuð vel hafi tekist til með að fylgja því eftir í dómgæslu að áhersla skuli lögð á mýkt og gæði umfram hraða. Aðspurð er Sigríður ánægð með uppsetningu og aðstæður við skoðun hrossa á LM. Rætt er um mun á hefðbundinni skoðun kynbótahrossa sem framkvæmd er af sýningastjórum við kynbótasýningar og hvort hugsanlega sé þörf á því að skilgreina áverka í fleiri flokka og að aðskilja ágríp og áverka á fótum frá áverkum í munni. Pétur áréttar að þó að aðeins sé flokkað í tvo flokka áverka við skoðun á kynbótasýningum sé í raun verið að vinna eftir þriggja flokka kerfi þar sem smávægilegar skeinur sem í raun séu ekki áverkar séu ekki skráðar. Gallinn við þá framkvæmd er að engar skráningar séu þá yfir þessar smáskeinur. Áverkar eru auk þess eingöngu skráðir inn í Worldfeng á þau hross sem koma til dóms þannig að þeim hrossum sem ekki standast áverkaskoðun í upphafi sýningar er því vísað frá sýningunni. Þau fá því ekki skráðan dóm og því séu áverkar ekki skráðir heldur. Munur á aðferðum við munnskoðun hjá sýningastjórum og dýralæknum er einnig ræddur og rætt hvort hugsanlega sé skynsamlegra að einbeita sér að því að skoða ágríp og fótaáverka á kynbótasýningum og taka ítarlegri munnskoðanir á stórmótum og/eða tilviljanakenndu úrtaki móta og sýninga. Áhættumiðað eftirlit er ein leið til að draga úr kostnaði. Sigríður bendir á að niðurstöður heilbrigðisskoðunarinnar á LM í sumar sýni að ef tungubogamél væru tekin út sem leyfilegur búnaður við sýningar kynbótahrossa þá sé áhættan á áverkum í munni orðin það lítil að einfalt munnvikaeftirlit ætti að vera nægjanlegt. Fagráð þakkar Sigríði og Sigurborgu fyrir komuna og góða umræðu og þær kveðja fundinn. Fagráð telur rétt að taka málið til frekari umfjöllunar á næsta fundi í október því mikilvægt sé að álykta um málið sem fyrst með hliðsjón af hugsanlegum breytingum sem koma muni til framkvæmda á kynbótasýningum næsta árs

2. **Samantekt um kynbótasýningar síðasta sumars.** Gunnfríður og Pétur leggja fram gögn um kynbótasýningar síðasta sumars. Ljóst er að talsverð breyting varð á sýningahaldi með tilkomu reglu um lágmarksfjölda hrossa á sýningu. Alls voru áætlaðar 18 sýningar fyrir utan Landsmót en alls féllu 7 sýningar niður vegna ónógrar þátttöku. Sýningavorið hófst 19. maí með sýningu í Hafnarfirði en fyrsta sýning hafði verið áætluð á Sauðárkróki þann 24. apríl. Dómar voru alls 1702 árið 2014 og eru þar með talin 231 hross sem kom til dóms á Landsmóti. Augljóst er að lítil eftirspurn er eftir því að sýna hross snemma að vori en á móti var mikill þrýstingur á að fá pláss á sýningu síðustu tvær vikur sýningahaldsins fyrir Landsmót. Ljóst er að skipuleggja þarf sýningadagskrá næsta sumars, hvað varðar fjölda og staðsetningar sýninga með hliðsjón ef þessari þróun. Pétur Halldórsson telur að sýningasumarið hafi gengið vel og hvetur til þess að haldið verði áfram með styttingu kynbótabrauta. Að loknum

Þessum dagskrárlíð kveður Pétur Halldórsson fundinn.

3. **Gæðastýring í hrossarækt:** Rætt um tilgang og tilurð verkefnisins. Ekki hefur náðst mikil þátttaka í gæðastýringu í hrossarækt en um 12-15 bú eru að jafnaði að fá vottun á hverju ári. Þó eru um 40 bú sem að jafnaði hafa tekið þátt í landnýtingarhluta verkefnisins. Flestir ábyrgir hrossaræktendur myndu þó að öllum líkindum standast þær kröfur sem gerðar eru til skýrsluhalds, örmerkinga og DNA sýnatöku. Ekki leikur vafi á að öryggi ættfærslna og rekjanleiki er mun meiri hjá þeim sem ástunda það vinnulag sem m.a. fylgir gæðastýringu í hrossarækt en menn sjá ekki hag í því að fá vottunina. Skoða þarf gaumgæfilega hvort ástæða sé til að halda þessu áfram. Í kjölfarið er rætt um hvort ástæða sé til þess að stíga til fulls það skref að gera kröfur um sönnun á ætterni allra hrossa sem til dóms koma. Sífelld stærri hluti kynbótahryssna er nú DNA greindur þegar þær koma til dóms. Fagråd leggur því til að komandi sumar verði einnig gerð krafa um að hryssur sem koma til sýninga séu DNA greindar líkt og stóðhestar.
4. **Hrossaræktarráðstefna haust 2017.** Hrossaræktarráðstefnan 2014 verður haldin 8. nóvember. Ákveðið hefur verið að samtengja uppskeruhátíð hestamanna og landsfund LH við ráðstefnuna. Rætt er um ráðstefnustjóra og dagskrá en búið er að tryggja einn fyrirlesara á ráðstefnuna og rætt er um aðra hugsanlega kandidata. Áætlað er að ráðstefnan hefjist klukkan 12:00 og að henni ljúki um 15:30. Sérstaklega er rætt um samþættingu verðlaunaafhendingar til ræktunarbús ársins við ráðstefnu og uppskeruhátíð. Ákveðið að halda því formi að verðlauna ræktunarbú á ráðstefnunni eins og gert hefur verið síðustu ár en stefna að því að hafa stutta umfjöllun um ræktunarbú ársins inni í dagskrá uppskeruhátíðar.
5. **Önnur mál:**

Rætt um stöðu ábyrgðarmanns í hrossarækt. Starfandi ábyrgðarmaður upplýsir að sú staða sé óbreytt frá því að Guðlaugur fór í leyfi og að ekki standi til að hún gegni því starfi lengur en til áramóta. Það muni hins vegar skýrast á næstu dögum hvort Guðlaugur snúi aftur til starfa um áramót eða hvort auglýst verður eftir nýjum ábyrgðarmanni.

Rætt um Stofnverndarsjóð. Umræða hefur verið um hvort breyta eigi úthlutunarreglum sjóðsins og þá fyrst og fremst hvort að hægt sé að gera þær breytingar að tímabundið sé hægt að ganga á höfuðstól sjóðsins með það að markmið að auka svigrúm til úthlutunar. Formaður hyggst ræða það mál við formann Bændasamtakanna en sjóðurinn er á ábyrgð BÍ. Einnig er rætt um það hvort taka eigi aftur til umræðu hækkun á framlagi í sjóðinn af hverju útfluttu hrossi en Félag hrossabænda hafði á sínum tíma samþykkt hækkun sem síðan koma aldrei til framkvæmda. Ákveðið að skoða það mál betur
6. **Yfirferð og samþykkt fundargerða frá síðasta fundi.** Fagråd hefur áður ákveðið að í þeim tilfellum sem einstök mál eru afgreidd á símafundum eða í gegnum tölvupóst

skuli þau formlega samþykkt á næsta fundi fagráðs. Lögð er fram eftirfarandi fundargerð frá símafundi fagráðs þann 16. júní.

Símafundur fagráðs í hrossarækt. Mánudaginn 16. Júní

Mættir á línuna: Sveinn Steinarsson, Þorvaldur Kristjánsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Baldvin Ari Guðlaugsson, Vignir Siggeirsson, Hulda Gústafsdóttir og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir sem ritar fundargerð. Elvar Einarsson hafði boðað forföll

Formaður setur fundinn

1. Farið stuttlega yfir kynbótasýningatörn vorsins. Almennt hefur sýningahald gengið mjög vel. Sýningar færri en stærri í kjölfar þess að sett var lágmarksregla um 30 hross á sýningu. Fagráðsmenn almennt sammála um að þessi þróun sé að hinu góða. Rætt er um mikilvægi þess að reyna að samræma sem best aðbúnað á sýningarstöðum og vallaraðstæður og einnig hvort það mynstur sem sést í sýningarhaldi vorsins bendi til þess að æskilegt sé að færa sýningartíma aftar á vorið/sumarið. Mikilvægt er að fara vel yfir þessi mál í kjölfar þessa sýningarsumars

2. Tekin er fyrir beiðni Bændasamtaka Íslands um að fagråd fjalli um viðbrögð við niðurstöðum rannsóknar Sigríðar Björnsdóttur og þeim aðgerðum og umræðu sem fylgt hefur í kjölfarið og snýr að banni við notkun á mælum með tunguboga. Farið yfir forsögu málsins og samskipti fagráðs vegna málsins. Málið kemur nú aftur til fagráðs en áður hafði verið um málið á fundi 24. mars er fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar höfðu verið kynntar. Í ljósi þeirra aðgerða sem Landsamband hestamannafélaga hefur gripið til og umræðu um málið innan annara hagsmunasamtaka sem og FEIF þykir ástæða til að taka málið til umfjöllunar á ný. Ræktunarstarf íslenska hestins er stundað á alþjóðavettvangi og afar mikilvægt að allar ákvarðanir sem áhrif hafa á kynbótasýningar og þar með gagnasöfnun inn í ræktunarstarfið séu ræddar á þeim vettvangi og hafi þannig gildi að ekki verði skekkja í gagnasöfnunni. Fagråd í hrossarækt vill því beina því til kynbótanefndar FEIF að banna einjárnung með tunguboga og vogarafli og einbrotnum mælum með tunguboga og vogarafli. Enda hefur það komið í ljós í rannsókn Sigríðar Björnsdóttur að þessi mál auka líkur á áverkum í munni og hafa niðurstöður þeirrar rannsóknar hlotið samþykki í ritryndu vísindatímariti. Áhrif þessara méla og annarra gerða méla með tunguboga verði skoðuð í ljósi frekari gagna sem safnast munu í sumar og ákvarðanir um frekari viðbrögð teknar í ljósi þeirra.

Fleira ekki rætt og fundi slitið:

Fundargerð send til staðfestingar í tölvupósti. Einn fagráðsmanna gerir athugasemd símlíðis þann 19. júní og greiðir ekki atkvæði með breyttri bókun fagráðs um áverkamál en vísar í fyrri bókun. Ekki koma athugasemdir frá öðrum fundarmönnum og fundargerðin fer því til formlegrar samþykktar á næsta fundi.

Að lokum er ákveðið að boða til haustfundar fagráðs þann 22. október næstkomandi

Fleira ekki rætt og fundi slitið 15:00

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Ritari fagráðs í hrossarækt